



Ágúst Petersen á Kjarvalsstöðum

Ágúst Petersen opnar sýningu á myndum sínum að Kjarvalsstöðum laugardaginn 30. sept. kl. 15.00. Sýningin verður opin til 15. okt. kl. 4—10 daglega, nema á laugardögum og sunnudögum kl. 2—10.

Í sýningarskrá segir m.a. svo um Ágúst og list hans: „Ekki verður Ágúst kallaður „teiknisnillingur" í hefðbundinni merkingu þess hugtaks, enda byrjar hann listamannsferil sinn fyrir alvöru fulltíða maður er hann gengur til læris hjá nokkrum helstu listmálurum okkar — Þorvaldi Skúlasyni til dæmis. En hvað sem hann hefur misst úr á því sviði á lífsleiðinni, hefur Ágúst bætt sér margfalt með meðfæddu litaskyni, skapandi sérvisku og ísmeygilegri kímnigáfu. Kannski mætti halda því fram að þessi skortur á lipurð í teikningu gefi verkum hans einmitt þann sannfærandi frumkraft sem þau oft búa yfir."



Sigurþór sýnir í Norræna húsinu

Sigurþór Jakobsson opnar á laugardaginn sýningu í Norræna húsinu, og sýnir þar 102 myndir.

Siurþór er fæddur árið 1942. Hann lauk námi í prentiðn frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1963, en stundaði jafnhliða nám við Myndlistaskólann 1959-63. Síðar var hann tvö ár við nám í frjálsri teikningu og aulýsingargerð í London. Hann hefur starfað sem teiknari hjá auglýsingastofum undanfarnin 10 ár. Fyrstu sýningu sína hélt hann á Mokka 1971. Hann hefur átt myndir á haustsýningum FÍM og einnig hélt hann sýningu í vinnustofu sinni 1975.

Sýningin verður opnuð kl. 16. 00 á laugardaginn, og verður hún síðan opin daglega kl. 14.-22. Henni lýkur sunnudaginn 8. okt.

Þjóðleikhúskórinn syngur á Hvolsvelli og í Aratungu

Þjóðleikhúskórinn er nýkominn heim úr vel heppnaðri söngför til Færeyja, þar sem hann hélt þrenna tónleika. Kórinn hefur nú ákveðið að syngja um helgina fyrir íbúa á Suðurlandi og mun halda tónleika á Hvolsvelli kl. 16 á sunnudaginn og kl. 21 um kvöldið í Aratungu.

Söngskráin er sú sama og í Færeyjaferðinni en þar eru atriði úr ýmsum þekktustu og vinsælustu söngleikjum, óperum og óperettum, sem kórinn hefur sungið í í Þjóðleikhúsinu. Má td. nefna **Ævintýri Hoffmanns, Leðurblökuna, Oklahoma, Þrymskviðu, Sigaunabaróninn, May Fair Lady, Fást, Rigoletto og Carmen.** Einsöngvarar með kórnum eru **Guðmundur Jónsson og Ingveldur Hjaltested** auk nokkurra kórfélaga. Einnig eru á efnisskránni nokkur íslensk lög eftir Þórarin Guðmundsson, Sigfús Einarsson, Emil Thoroddsen, Inga T. Lárusson og Jón Laxdal. **Stjórandi kórsins er Ragnar Björnsson en undirleikari á tónleikunum verður Agnes Löew.**



STÓR RÝMINGARSALA
á gólfteppum og bútum
20%-50%
AFSLÁTTUR



Við erum aðeins að rýma fyrir nýjum birgðum
Stendur í nokkra daga
TEPPALAND
Grensásvegi 13
Simar 83577 og 83430

Varahlutaverslun

Viljum ráða sem fyrst starfsmann til afgreiðslu í varahlutaverslun.
Enskukunnátta æskileg. Umsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf sendist starfsmannastjóra, sem gefur nánari upplýsingar, fyrir 10. okt. n.k.

SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA

Pípulagnir

Nylagnir, breytingar, hitaveitutengingar.
Simi 36929 (milli kl. 12 og 1 og eftir kl. 7 á kvoldin)

Orkustofnun

vill ráða sem fyrst starfsmann til bókhaldsstarfa. Reynsla í tölvuvinnslu æskileg.
Eiginhandar umsókn með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf sendist Orkustofnun Laugavegi 116 Reykjavik eigi síðar en 5. október n.k.

Blaðberar óskast

Vesturborg
Kvisthagi (1. okt.)
Skjólin (1. okt)

Austurborg
Álftamýri (1.okt.)
Miklabraut (sem fyrst)

ÞJÓÐVILJINN
Síðumúla 6. Simi 8 13 33